Reykjavík, 21. maí 2025

Umsögn skólaráðs Melaskóla vegna ráðgerðar breytingar á skólaakstri úr Litla Skerjafirði í Melaskóla og Hagaskóla

Með bréfi frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur dagsett 12. maí 2025 var óskað eftir umsögn skólaráðs Melaskóla vegna fyrirhugaðrar tillögu skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs um að hætt verði skólaakstri úr Litla Skerjafirði í Melaskóla og Hagaskóla frá og með næsta skólaári 2025 – 2026.

Í fyrirhugaðri tillögu er lagt til að skólaakstur, safnakstur úr Litla Skerjafirði (norðanmegin við flugbraut) verði lagður af frá skólabyrjun haustið 2025 þar sem viðmiðunarfjarlægð er innan marka og undirgöng undir Suðurgötu til staðar (á móts við íþróttahús HÍ). Það er mat skrifstofu skóla- og frístundasviðs að gönguleiðin sé ekki erfiðari en gengur og gerist í borginni.

Skólaráð Melaskóla gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Leiðin úr litla Skerjafirði yfir í Melaskóla er yfir Suðurgötu sem er mikil umferðargata. Undirgöngin eru ekki raunhæfur kostur þar sem nemendur þyrftu að koma sér inn og út úr þeim með því að fara fyrst inn í byggingar sem tilheyra Háskóla Íslands. Það væri mjög úr leið að þurfa koma sér til og frá Háskólatorgi og einnig væri mjög óráðlegt að láta nemendur þurfa koma sér frá Veröld Vigdísar og labba meðfram Brynjólfsgötu. Á þeim tíma er þung umferð háskólanema á leið í skólann og svo áfram yfir Dunhaga og Fornhaga þar sem öll bílaumferð í Hagaskóla liggur um og að lokum yfir Neshaga þar sem vitað er að er alltof mikil umferð á morgnanna vegna skólaskutls og íbúa Vesturbæjar á leið í vinnu. Við teljum því að matið að þetta sé ekki erfiðari gönguleið en gengur og gerist sé rangt.

Samkvæmt upplýsingum sem skólaráð hefur fengið eru 38 nemendur sem nýta sér skólaakstur úr Litla Skerjafirði og gert er ráð fyrir að 10 nemendur úr verðandi 1. bekk bætist í þann hóp á næsta skólaári. Óljóst er hversu stór hluti nemenda búa innan fjarlægðarviðmiða Árið 2019 þegar skóla og frístundasvið lagði til að leggja niður allan skólaakstur á höfuðborgarsvæðinu var haft samband við Strætó bs. sem sá ekki hvernig hægt væri að bæta þessum fjölda barna við í vagnana sem fara á morgnana. Skólaráð hefur áhyggjur af öryggi barna sem mögulega geta ekki notað öryggisbelti í almenningsvögnum. Stór hópur barna sem nýtir skólabílinn eru í 1. og 2. bekk, 20 börn á næsta skólaári.

Skólaráð Melaskóla lýsir yfir andstöðu við fyrirhugaða tillögu og telur mikilvægt að halda áfram skólaakstri úr Litla Skerjafirði í Melaskóla og telur hann vera öruggasta leiðin fyrir nemendur í 1-7.bekk. Skólaráð telur að skólaakstur styðji við markmið stjórnvalda í umhverfis og loftslagsmálum þar sem stór hópur sameinast í eitt ökutæki. Einnig telur skólaráð það ekki vera í þágu jafnræðis að leggja niður skólaakstur, þar sem íbúar Litla Skerjafjarðar eiga ekki annan kost en að sækja skólaþjónustu annars staðar.

Fyrir hönd skólaráðs Melaskóla

Harpa Reynisdóttir
Skólastjóri
harpa.reynisdottir@reykjavik.is
Sími: 411 7100